

Jústínus píslarvottur og heimspekiskólarnir

Inngangur

Jústínus píslarvottur (u.þ.b. 100–165 e.Kr.) var einn af áhrifamestu einstaklingum 2. aldar fyrir mótunarsögu kristindómsins. Trúarlegur og heimspekilegur bakgrunnur hans var þó allt annarrar tegundar en ætla mætti í því ljósi. Jústínus var fæddur í borginni Flavía Neapolis í Samaríu (*1 Apologia*, skst. *1 Apol.* 1.1)¹ inn í heiðna fjölskyldu og hlaut uppeldi í samræmi við það. Kristnum átrúnaði kynntist hann ekki náðið fyrr en hann var um þrítugt, en samkvæmt frásögn Jústínusar sjálfs var hann platónisti áður en hann snerist til kristinnar trúar. Í ritinu *Samræða við Gyðinginn Tryfson* (*Dialogus cum Tryphone Iudaeo*, skst. *Dial.*) segir Jústínus frá því hvernig hann gekk frá einum heimspekikennara til annars í leit að sannleikanum, en sá sannleikur sem hann hafði fyrst og fremst í huga var sannleikurinn um guðdóminn (sbr. 1.3). Hann hóf leit sína hjá stóískum kennara (2.3), en þegar hann hafði ekki lært „neitt nýtt um Guð“ hjá þessum kennara, sem auk þess „hafði enga vitneskju um Guð, né taldi hann slíka vitneskju nauðsynlega“, fór Jústínus sína leið og hitti þess í stað aristótelískan (perípatetískan) kennara. Sá reyndist hins vegar hafa mestan áhuga á þeirri þóknun sem Jústínusi bar að inna af hendi fyrir vikið, svo að Jústínus fór einnig frá honum og mælti sér þess í stað mót við pýþagórískan kennara, „mjög frægan“ (2.4–5). Þessi kennari krafðist þess af Jústínusi að hann myndi fyrst leggja stund á efni eins og tónlist, stjörnufræði og rúmfræði áður en hann gæti snúið sér að stærri þáttum eins og frumspeki og guðfræði, en þegar Jústínus neitaði að leggja stund á þessar greinar og krafðist þess að fá að snúa sér beint að guðfræði sendi kennarinn hann frá sér. Þá fór Jústínus að hitta platónskan kennara, „vitran mann sem var í hávegum hafður meðal platónista“ (2.6). Við fætur þessa kennara fann Jústínus loks það sem hann var að leita að – eða öllu heldur það sem hann *hélt* að hann væri að leita að. Svo mikið lærði hann í platónskum fræðum að hann tók að líta á sjálfan sig sem „vitran mann“ og taldi stutt í það að hann næði takmarki platónismans, nefnilega að „líta Guð augum“. Þá bar svo við að hann var einn á göngu meðfram stöðuvatni þegar öldungur nokkur (*παλαιός τις πρεσβύτες*) nálgast hann og tekur hann tali (3.1nn). Og eftir stutta en kjarnyrta samræðu um guðfræði og heimspeki, um eðli Guðs og þekkingu á honum, um samband mannsálarinnar og Guðs, um guðlega refsingu hinna óverðugu, um upphaf heimsins, um platónska kenningu um sálina, um hebresku spámennina, sem og um Jesú Krist, fór sá gamli sína leið og skildi Jústínus eftir í alvarlegum vafa um að hann hefði valið rétta leið í guðfræðilegum og heimspekilegum efnum. Eins og Jústínus lýsir því sjálfur: „Andi minn stóð skyndilega í ljósum logum og dálæti á spámönnunum og þeim sem eru vinir Krists náði tökum á mér; eftir að hafa íhugað orð öldungsins vandlega áttaði ég mig á því að heimspeki hans var sú eina örugga og nytsama (*ἀσφαλῆ τε καὶ σύμφορον*)“ (8.1).

¹ Flavía Neapolis var staðsett þar sem borgin Nablus stendur í dag, í norðurhluta Vesturbakka Palestínu. Flavía Neapolis (Shechem á tímum Gamla testamentisins) var stofnuð af keisaranum Vespasianusi (af Flavíanusarætt, sbr. nafnið Flavía) árið 72 e.Kr., en hún var fræg fyrir fornt samverskt musteri á hinu nálæga fjalli Garísím, ásamt musteri sem var helgað Seifí „hinum hæsta“ (*Hypsistos*).

Sögulegt sannleiksgildi þessarar frásagnar Jústínusar er umdeild meðal fræðimanna, bæði hvað varðar kynni Jústínusar af heimspekiskólunum og samræðu hans við „öldunginn“. Sjálfur tel ég réttast að taka lýsingu hans ekki of bókstaflega. Til þess eru vísbendingarnar of margar í lýsingunni um að hér sé um stílfærða frásögn að ræða. Til að mynda má líta á „öldunginn“ sem leiðir Jústínus í allan sannleikann sem ákveðna hliðstæðu við Sókrates sem leiddi fólk gjarnan í sannleikann með áþekkri samræðu. Eins og ýmsir fræðimenn hafa bent á má segja að „öldungurinn“ gegni hér ákveðnu hlutverki sem „kristinn Sókrates“ eða „sókratískur Kristur“.² Á hinn bóginn á kjarni sögunnar líklega við rök að styðjast, þ.e.a.s. annars vegar að því leyti að Jústínus hafi haft einhverja þekkingu á þeim heimspekiskólum sem hann nefnir, sem og hvað varðar þá einföldu staðreynd að hann hafi verið platónisti áður en hann sannfærðist um gildi kristinnar trúar.³ Með öðrum orðum var frásögn hans af leið sinni til platónismans sem og leiðinni til kristindómsins að öllum líkindum færð í stílinn, eins og sjá má í öðrum hliðstæðum frásögnum frá fornöld (sérstaklega í *Menippusi* 4–6 eftir Lúkían).⁴ En frásögnin segir okkur engu að síður ýmislegt um álit Jústínusar á þessum tilteknu heimspekiskólum og um samband hans við skólana. Ef litid er nánar á frásögnina í *Samræðunni* 2 má sjá ákveðið stígandi ferli þar sem álit Jústínusar á heimspekiskólunum vex eftir því sem á frásögnina líður.⁵ Þannig fær stóuspeki verstu einkunn Jústínusar á meðan platónismanum er lýst sem þeirri heimspekistefnu sem kemst næst kristindómnum. Slík afstaða er í samræmi við lýsingar Jústínusar annars staðar í ritum hans, þar sem platónisminn fær víðast hvar góð ummæli (enda þótt platónisminn sé vissulega takmarkaður, að mati Jústínusar), á meðan stóuspeki er ákaft gagnrýnd. Afstöðu Jústínusar til aristótelisma og pýþagórisma er örðugt að meta af þeim sökum að tilvísanir til þessara heimspekiskóla eru af skörnum skammti í ritum hans,⁶ en þó má greina nokkuð jákvæðari viðhorf gagnvart pýþagórisma en aristótelisma. Sú staðreynd að Jústínus kallar kristna trú „heimspeki“ er lýsandi fyrir viðhorf margra á hans tíma, því bæði meðal kristinna og annarra var kristindómurinn

² Um spurninguna um það hver þessi „öldungur“ sé, sjá yfirlit rannsóknarsögunnar í Andrew Hofer, „The Old Man as Christ in Justin's Dialogue with Trypho“, *Vigiliae christianae* 1/2003, bls. 1–21, sérstaklega 1–4. Hofer færir sjálfur rök fyrir því að um „sókratískan Krist“ sé að ræða. Um „öldunginn“ sem „kristinn Sókrates“, sjá Oskar Skarsaune, „The Conversion of Justin Martyr“, *Studia theologica* 1/1976, bls. 53–73, sérstaklega 68–71; sami höfundur, „Judaism and Hellenism in Justin Martyr, Elucidated from His Portrait of Socrates“, *Geschichte – Tradition – Reflexion: Festschrift für Martin Hengel zum 70. Geburtstag. Band III: Frühes Christentum*, ritstj. Hermann Lichtenberger, Tübingen: Mohr Siebeck, 1996, bls. 585–611, sérstaklega 607–608. Svipaða túlkun er enn fremur að finna í J. C. M. van Winden, *An Early Christian Philosopher: Justin Martyr's Dialogue with Trypho, Chapters One to Nine*, Philosophia Patrum 1, Leiden: Brill, 1971, bls. 63, 118, 127; Charles Munier, *Justin, Apologie pour les chrétiens: Introduction, texte critique, traduction et notes*, SC 507, Paris: Cerf, 2006, bls. 11.

³ Um bakgrunn Jústínusar í platónisma, þ.e.a.s. „mið-platónisma“, sjá Carl Andresen, „Justin und der mittlere Platonismus“, *Zeitschrift für die neutestamentliche Wissenschaft* 1/1952–1953, bls. 157–95; J. H. Waszink, „Bemerkungen zum Einfluss des Platonismus im frühen Christentum“, *Vigiliae christianae* 3/1965, bls. 129–162, sérstaklega 146–151; C. J. de Vogel, „Problems concerning Justin Martyr: Did Justin Find a Certain Continuity between Greek Philosophy and Christian Faith?“, *Mnemosyne* 4/1978, bls. 360–388; Arthur J. Droge, „Justin Martyr and the Restoration of Philosophy“, *Church History* 3/1987, bls. 303–319; M. O. Young, „Justin, Socrates, and the Middle-Platonists“, *Studia patristica* 2/1989, bls. 161–166; M. J. Edwards, „On the Platonic Schooling of Justin Martyr“, *The Journal of Theological Studies* 1/1991, bls. 17–34; Leslie W. Barnard, *St. Justin Martyr: The First and Second Apologies*, ACW 56, New York: Paulist Press, 1997, bls. 12–17; Stefan Heid, „Justinus Martyr I“, *Reallexikon für Antike und Christentum* 19, ritstj. E. Dassmann, Stuttgart: Hiersemann, 2001, bls. 801–847, sérstaklega 806–808, 822–839. Um „mið-platónisma“, sjá John Dillon, *The Middle Platonists: A Study of Platonism 80 B.C. to A.D. 220*, London: Duckworth, 2. útg. 1996.

⁴ Sjá umfjöllun í Erwin R. Goodenough, *The Theology of Justin Martyr: An Investigation into the Conceptions of Early Christian Literature and Its Hellenistic and Judaistic Influences*, Amsterdam: Philo, 1968 [upphafleg útg. 1923], bls. 58–59; Niels Hyldeahl, *Philosophie und Christentum: Eine Interpretation der Einleitung zum Dialog Justins*, ATDan 9, Kaupmannahöfn: Munksgaard, 1966, bls. 150–151.

⁵ Sjá nánar Runar M. Thorsteinsson „By Philosophy Alone: Reassessing Justin's Christianity and His Turn from Platonism“, *Early Christianity* 4/2012, bls. 494–502.

⁶ Beinir tilvísanir í aristótelisma er einungis að finna í *Dial.* 2.1, 3. Beinir tilvísanir í pýþagórisma er að finna í *Dial.* 2.1, 4–5; 5.6; 6.1; *1 Apol.* 18.5. Þessar tilvísanir eru að mestu „hlutlausar“.

lagður að jöfnu við heimspekistefnur samtímans, auk þess sem heimspekilegar kenningar, bæði gamlar og nýjar, voru að miklu leyti metnar út frá praktísku gildi þeirra.⁷

Tilgangur þessarar greinar er að meta afstöðu Jústínusar til þeirra heimspekiskóla sem fá mesta umfjöllun í ritum hans, nefnilega platonisma og stóuspeki, þeirra tveggja heimspekiskóla sem jafnframt voru mest áberandi á tímum Jústínusar í guðfræðilegu tilliti og stóðu í kenningarlegu „stríði“ einmitt á þeim tíma.⁸ Ennfremur verður þeirri spurningu velt upp hvers vegna Jústínus sagði skilið við platonismann og gerðist kristinn, og tilraun gerð til að svara þeirri spurningu eins og unnt er út frá þeim heimildum sem tiltækar eru. Við byrjum á afstöðu Jústínusar til stóuspeki.⁹

Jústínus og stóuspeki

Jústínus nefnir stóuspeki og stóumenn nokkrum sinnum í ritum sínum.¹⁰ Mest er umfjöllunin í *Síðara trúvarnarritinu* (2 *Apoloía*, skst. 2 *Apol.*). Þegar þessar tilvísanir eru skoðaðar nánar sést að sú „falleinkunn“ sem stóuspekin fær í *Samræðunni* 2 segir ekki alla söguna. Málið er margbreytilegra en svo: Enda þótt Jústínus sé afar gagnrýninn á stóuspeki í guð- og heimsfræðilegu tilliti (eins og við munum sjá hér á eftir) virðist ljóst að hann hefur mikið dálæti á stóískri siðfræði, sem og siðferðilegri breytni einstakra stóumanna (2 *Apol.* 8.1).¹¹ Í því sambandi ber hann saman örlög þessara stóumanna við örlög hinna kristnu sem máttu þola ofsóknir. Afstaða Jústínusar til guð- og heimsfræði stóumanna er á hinn bóginn almennt séð neikvæð, en það kann að hluta til að skýrast af þeirri staðreynd að hann var platonisti áður en hann snerist til kristni – í guð- og heimsfræðilegum efnum voru platonistar og stóumenn harðir andstæðingar. Jústínus er einkum neikvæður gagnvart þremur kenningum stóumanna um guð og heiminn: Í fyrsta lagi um eðli Guðs, í öðru lagi um endalok heimsins og í þriðja lagi um örlagatrú. Öllu þessu gerir hann skil í *Síðara trúvarnarritinu* 7.

Jafnvel þótt Jústínus sé í grundvallaratriðum ósammála stóumönnum í guðfræðilegum efnum er vert að hafa það í huga að hann er sammála þeim í nokkrum atriðum hvað eðli Guðs og eiginleika varðar, hvort sem hann gerði sér grein fyrir því eður ei. Líkt og stóumenn heldur Jústínus því fram að Guð sé „ógetinn“ (1 *Apol.* 14.1; 25.2; 49.5; 53.2; 2 *Apol.* 6.1; 12.4; 13.4; *Dial.* 114.3; 126.2; 127.1), þ.e.a.s. af engu öðru kominn, og „engu háður“ (*Dial.* 23.2). Guð veit alla hluti fyrirfram (*Dial.* 23.2; sbr. 1 *Apol.* 28.2; 44.11; 45.1) og er alvitur (*Dial.* 127.2, sbr. 2 *Apol.* 12.6). Sem „Faðir“ mannkyns (1 *Apol.* 8.2 *et passim*)¹² hefur Guð samúð með öllu fólki, er réttlátur og góður (*Dial.* 23.2) og vakir yfir öllum (2 *Apol.* 12.6) og á svipaðan hátt og stóumenn telur Jústínus að Guð hafi skapað heiminn

⁷ Sbr. J. C. M. van Winden, *Christian Philosopher*, bls. 119.

⁸ Sjá Troels Engberg-Pedersen, „Setting the Scene: Stoicism and Platonism in the Transitional Period in Ancient Philosophy“, *Stoicism in Early Christianity*, ritstj. Tuomas Rasimus, Troels Engberg-Pedersen og Ismo Dunderberg, Grand Rapids: Baker Academic, 2010, bls. 1–14, sérstaklega 10–12.

⁹ Þær textaútgáfur af texta Jústínusar sem fylgt er í þessari grein eru *Iustini Martyris Apologiae pro Christianis*, ritstj. Miroslav Marcovich, PTS 38, Berlin: de Gruyter, 1994; *Iustini Martyris Dialogus cum Tryphone*, ritstj. sami, PTS 47, Berlin: de Gruyter, 1997.

¹⁰ Sjá *Dial.* 2.1, 3; 1 *Apol.* 20.2, 4; 2 *Apol.* 7.3–4, 8–9; 8.1; 13.2. Óbeinar tilvísanir má finna í 1 *Apol.* 19.5; 25.2; 43.1; 44.11; 57.1; 60.8–10; 2 *Apol.* 6.3; 9.4. Sjá frekari umfjöllun í Runar M. Thorsteinsson, „Justin and Stoic Cosmo-Theology“, *The Journal of Theological Studies* 2/2012, bls. 533–571.

¹¹ Jústínus nefnir Músóníus Rúfus og Heraklítus sem dæmi. Rétt er að taka fram að Heraklítus var ekki stóumaður, enda var hann uppi löngu fyrir tíma stóuspekinnar (d. u.þ.b. 480 f.Kr.). Músóníus Rúfus var á hinn bóginn meðal þekktustu og áhrifamestu stóumanna í Róm á fyrstu öld e.Kr. Staðhæfing Jústínusar um að Músóníus hafi mátt þola ofsóknir og að hann hafi verið tekinn af lífi virðist hins vegar ekki eiga við rök að styðjast; sjá nánar Runar M. Thorsteinsson, *Roman Christianity and Roman Stoicism: A Comparative Study of Ancient Morality*, Oxford: Oxford University Press, 2010, bls. 40–43.

¹² Í 1 *Apol.* 22.1 heldur Jústínus því fram að „allir höfundar kalli Guð Föður manna og guða“.

sakir manneskjunnar (1 *Apol.* 10.2; 2 *Apol.* 4.2).¹³ Einnig er athyglivert hversu nærri Jústínus kemst stóumönnum í hugsun þegar hann heldur því fram að Guð sé „án kennda“ (ἀπαθής) (1 *Apol.* 25.2). Með því á hann ekki við að Guð sé „óhaggaðlegur líkt og steinn“ (1 *Apol.* 28.4), þ.e.a.s. að Guð láti sig manneskjuna engu varða (nokkuð sem stóumenn myndu ekki heldur hafa haldið fram), heldur er hann hér að mæla gegn hefðbundinni fjölgyðistrú og mannlegum lýsingum á Guði (svokölluðum anþrópómorfisma) með því að benda á að Guð verði ekki fyrir áhrifum frá kenndum eins og t.d. löngun í konur (eitt af dæmum Jústínusar) – Guð *hefur* engar kenndir, samkvæmt Jústínusi, en slík staðhæfing samræmist mjög stóískri kenningu.

Þessi dæmi sýna að þrátt fyrir alla gagnrýni Jústínusar á stóuspeki og þrátt fyrir þá staðreynd að flestir stóumenn voru algyðistrúar er nánar hliðstæður að finna á milli guðfræði Jústínusar og stóumanna, hvort sem þessar hliðstæður eru til komnar vegna beinna áhrifa frá stóuspeki eða vegna stóískra áhrifa í gegnum platónisma eða einfaldlega vegna þess að þættir eins og hér var lýst voru sameiginlegir ýmsum hugmyndastraumum á þessum tíma.

Ef við snúum okkur á hinn bóginn að spurningunni um „efnislegt“ eðli Guðs koma allt aðrar áherslur í ljós: Samkvæmt Jústínusi hafa stóumenn alrangt fyrir sér þegar þeir halda því fram að Guð sé líkamleg og breytileg vera (2 *Apol.* 7.8–9).¹⁴ Þegar þeir, sem algyðistrúarmenn, segja að Guð sé beinlínis hluti af breytilegum og dauðlegum hlutum þá þýðir það að Guð eigi ekki eingöngu hlutdeild í góðum hlutum heldur einnig í illum hlutum, sem engan veginn fær staðist, að mati Jústínusar (7.9). Eins og hann skrifar annars staðar, þá er Guð „ótengdur hinu illa“ (1 *Apol.* 6.1) og „hafinn yfir breytanlega hluti“ (20.2). Hér tekur Jústínus afstöðu með platónistum gegn stóumönnum með því að halda fram óbreytanleika Guðs og með því að halda því fram að Guð sé ekki líkamlegur (sbr. *Dial.* 3.5), en þá sannfæringu kann hann að hafa haft með sér frá platónismanum.

Svipaðar áherslur má finna í gagnrýni Jústínusar á stóísku kenninguna um endalok heimsins, en samkvæmt stóumönnum mun heimurinn eyðast í eldi og vera skapaður að nýju af Guði, nákvæmlega eins og hann hafði verið áður (þar sem sköpun Guðs getur ekki verið annað en fullkomin), þar til hann eyðist í eldi og verður að nýju skapaður í sömu mynd og þannig heldur lífshringur heimsins áfram út í hið óendanlega.¹⁵ Samkvæmt Jústínusi heldur kristin kenning því vissulega fram að heimurinn muni að lokum farast í eldi, en honum er mikið í mun að taka það fram að sú kenning sé langt frá kenningu stóumanna um endalok heimsins, sem að hans mati er ekkert annað en „versta viðurstyggið“ (αἰσχιστον, 2 *Apol.* 7.3). Ástæðan er sú, eins og hann útskýrir nánar í *Fyrri trúvarnarríttinu* 20, að stóumenn vilji meina að „jafnvel Guð sjálfur muni leysast upp í eldi“ (20.2) og að Guð sé þar með hluti af forgengilegum hlutum heimsins. Auk þessa gagnrýnir Jústínus kenningu stóumanna á þeim forsendum að hún ýti undir siðleysi meðal manna: Ef allt í þessum heimi verður skapað að nýju nákvæmlega eins og það var, verður allur ótti við guðlega refsingu að engu gerður. Hvers vegna skyldi fólk reyna að forðast guðlega refsingu sakir gjörða sinna og leitast við að ná guðlegri umbun ef heimurinn er gerður á þennan hátt?¹⁶

¹³ En ekki sakir (minni) guða, líkt og sumir stóumenn töldu.

¹⁴ Um þessa kenningu stóumanna, sjá t.d. lýsinguna í Alexander frá Afródísías, *Mixt.* 225.1–2.

¹⁵ Sjá Alexander frá Afródísías, *Comm. An. pr.* 180.33–36; Orígenes, *Cels.* 4.68; Nemesíus, *Nat. hom.* 309.5–311.2; Evsebíus, *Praep. ev.* 15.14.2 (vitnar í Aristókles).

¹⁶ Stóumenn myndu svara því til að enginn viti hvernig hlutirnir voru í heiminum sem var né hvernig þeir muni verða í næsta heimi. Þess vegna sé það alltaf kappsmál hvers og eins að gera eins vel og hann getur í þessum heimi, sérstaklega í

Líkt og platonistar og margir aðrir í fornöld gagnrýnir Jústínus einnig stóisku kenninguna um örlögin (εἰμαρμένη), en samkvæmt þeirri kenningu er það fyrirfram ákveðið (af guðdóminum) hvernig allir hlutir gerast í heiminum, að gjörðum manna meðtöldum.¹⁷ Þessu hafnar Jústínus í *Síðara trúvarnarríttinu* 7.3–7 og leggur áherslu á frjálstan vilja allra manna sem felur í sér að hver og einn verði að lokum dæmdur í samræmi við gjörðir sínar. Að öðrum kosti, segir Jústínus, hefðu menn ekki haft þörf fyrir að setja lög og velta vöngum yfir rétttri breytni manna, nokkuð sem stóumenn hafi sjálfir einbeitt sér að. En það sem stóumenn áttuðu sig ekki á, heldur Jústínus áfram, er að það er vegna illra afla í heiminum sem manneskjan breytir ranglega. Stóumenn gerðu sér á hinn bóginn enga grein fyrir þessu og fundu því upp á þeirri kjánalegu hugmynd, að mati Jústínusar, að allt sem manneskjan gerir sé fyrirfram ákveðið af örlögunum (sem er það sama og Guð í stóískri heimspeki). Rök Jústínusar gegn stóumönnum eru þess vegna byggð á siðfræði fremur en guðfræði í þessu tilvik. Þetta tvennt, siðfræði og guðfræði, er þó ekki auðveldlega aðskilið í stóískri heimspeki, né heldur í röksemdafærslu Jústínusar: Í lok *Síðara trúvarnarríttisins* 7 fléttar kirkjufaðirinn andmælum sínum gegn stóískri kenningu um eðli Guðs, um endalok heimsins, sem og um örlögin saman í eina heild með því að mæla gegn þessum kenningum á grundvelli siðfræði. Meginrök hans eru eftirfarandi (7.9): Ef allt gerist samkvæmt fyrirfram ákveðnu mynstri og Guð, sem líkamleg og íverandi vera, er hluti af og ábyrgur fyrir öllu, þá hlýtur Guð að vera bæði hluti af og ábyrgur fyrir illu sem góðu, sem er fáránlegt að halda fram.¹⁸

Af ofansögðu má vera ljóst að enda þótt Jústínus bæri mikla virðingu fyrir stóískri siðfræði og siðferði mælti hann harðlega gegn guð- og heimsfræði þeirra hvað spurningarnar um eðli Guðs, endalok heimsins og hlutverk örlaganna í heiminum varðar. Ekki er ólíklegt að meginandstaðingar stóumanna í þessum efnunum, nefnilega platonistar, hafi haft áhrif á Jústínus að þessu leyti.¹⁹

Jústínus og platonismi

Eins og áður sagði er platonismanum jafnan lýst með jákvæðum orðum í ritum Jústínusar. Það sést m.a. á því að í lýsingunni á heimspekilegu „ferðalagi“ hans í *Samræðunni* 2 er ekkert neikvætt orð látið falla um platoniskan kennara hans. Jústínus nefnir einungis að hann hafi numið hjá þessum fræga kennara með góðum árangri áður en hann snýr sér að

siðferðilegum efnunum. Meginmunurinn á Jústínusi og stóumönnum í þessu tilliti er sá að Jústínus leggur áherslu á umbun og refsingu eftir dauðann á meðan stóumenn leggja áherslu á slíkt í þessu lífi.

¹⁷ Um stóíska kenningu um örlögin og tengsl hennar við kenninguna um „frjálstan vilja“, sjá umfjöllun í Susanne Bobzien, *Determinism and Freedom in Stoic Philosophy*, Oxford: Clarendon Press, 1998; Dorothea Frede, „Stoic Determinism“, *The Cambridge Companion to the Stoics*, ritstj. Brad Inwood, Cambridge: Cambridge University Press, 2003, bls. 179–205.

¹⁸ Jústínusi virðist ekki hafa verið ljóst að stóumenn lögðu reyndar áherslu á frjálstan vilja þrátt fyrir kenningu þeirra um örlögin. Kenning þeirra í þessu tilliti er flókin, en í einfölduðu máli gengur hún út á það að breytni hvers og eins er ákvörðuð af siðferðilegum „karakter“ þeirra. Einstaklingar framkvæma aldrei í andstöðu við siðferðilegan „karakter“ sinn, sem þýðir að siðferðilega góð persóna breytir rétt og öfugt. Hvort einstaklingarnir séu siðferðilega góðar persónur eða ekki hefur vissulega verið fyrirfram ákvarðað af örlögunum, en viðkomandi persónur geta aldrei vitað hvaða hlutskipti þeim er ætlað, sem leiðir af sér að hver og einn verður alltaf að gera sitt besta í lífinu hverju sinni. Persóna sem fær skilning á skipulagi heimsins og á eigin hlutverki innan heimsins, kemur til með að átta sig á því að hvað svo sem örlögin hafa ætlað henni er það besta mögulega fyrir heildina og hún mun þess vegna breyta samkvæmt sínum „frjálsta vilja“ nákvæmlega eins og örlögin ætluðu (í ljósi mikilvægi heildarinnar fremur en hlutanna í stóuspeki og með tilliti til þess að sköpun og skipulag Guðs getur eingöngu verið hið besta mögulega).

¹⁹ Ég hef fært rök fyrir því annars staðar að andmæli Jústínusar gegn stóískri guð- og heimsfræði hafi ekki verið byggð á gagngerri þekkingu hans á stóískri heimspeki, heldur að megninu til komið frá hefðbundnum andmælum platonista – þrátt fyrir visbendingar um að Jústínus hafi a.m.k. í einu tilvik tekið þátt í rökraðu við stóuspeking; sjá Runar M. Thorsteinsson, „Justin and Stoic Cosmo-Theology“; sami höfundur, „Justin’s Debate with Crescens the Stoic“, *Zeitschrift für antikes Christentum* 3/2013, bls. 451–478.

því að lýsa platónismanum sem slíkum. Auk þess kemur það fram í samræðu platónistans Jústínusar og „öldungsins“ í köflum 3–7 að hinn kristni „öldungur“ andmælir engum grundvallarkenningum platónismans, að meðtöldum kenningum um Guð sem óbreytanlegan, óefnislegan og hafinn yfir heiminn (sbr. 3.5; 4.1). Það sem „öldungurinn“ mælir gegn er kenningin um það að (sumar) manneskjur geti séð Guð með „auga hugans“ (3.7–4.7; 2.6), að mannsálin sé (skilyrðislaust) ódauðleg (5.1–3)²⁰ og að sálin endurfæðist í öðrum líkama (sjá nánar hér fyrir neðan), en þetta síðasta atriði var afar umdeilt meðal platónista sjálfra á þessum tíma.²¹ Kenningar eins og frummyndakenning Platóns eru hins vegar látnar óhreyfðar af „öldunginum“ þrátt fyrir að frummyndakenningin sé nefnd í aðdraganda samræðunnar (2.6). Rétt er að rífa það upp að samræða platónistans Jústínusar og „öldungsins“ er að öllum líkindum tilbúningur þess fyrri, færð í stílinn í samræmi við (seinni) sannfæringu hans sem kristins manns.

Að mati Jústínusar hefur flestu fólki mistekist að finna hið sanna eðli og guðlegt upphaf heimspekinnar sem skýrir þá staðreynd að til séu hinir ýmsu heimspekiskólar (*Dial.* 2.1). Heimspekin hefur orðið svo misjöfn og margbreytileg („marghöfða“) sökum þess að lærisveinar þeirra sem fyrstir kynntust heimspekinni virtu hana sjálfa að vettugi ásamt sönnu hlutverki hennar og einblíndu þess í stað á einstaka heimspekikennara og kenningar þeirra, og tóku síðan að miðla því til lærisveina sinna og þannig koll af kalli. Frásögn Jústínusar í *Samræðunni* 2 sýnir einmitt að sú hafi verið raunin þegar hann gekk á milli heimspekiskólanna: Að platónismanum e.t.v. undanskildum var ljóst að allar þessar heimspekistefnur voru órafjarri hinu sanna eðli og hlutverki heimspekinnar. Heimspekilegt „ferðalag“ Jústínusar sýndi svo ekki var um villst hversu langt frá sannleikanum og hversu takmarkaðir þessir heimspekiskólar voru. Platónismi kemst næst því að vera trúr upphaflegu hlutverki heimspekinnar, en hann er samt sem áður takmarkaður og á villigötum.

Það væri hins vegar rangt að halda því fram að Jústínus hafi hafnað heimspekinni sem slíkri þegar hann gerðist kristinn. Fyrir honum er kristindómurinn hin eina sanna heimspeki. Eins og hann segir í *Samræðunni* 8.2, eftir að hafa öðlast fullvissu um sannleika kristindómsins: „Þannig bar það til að ég er núna heimspekingur“. Að hans mati er heimspekin „stærsta eign manns“ og „ákafliga mikils virði í augum Guðs“ (2.1). Það er reyndar „af heimspekinni einni saman“ sem fólk er leitt til Guðs (2.1), þ.e.a.s. af hinni kristnu heimspeki sem er „hin eina örugga og nytsama heimspeki“ (8.1). Aðrar svokallaðar heimspekistefnur eru einfaldlega ófullnægjandi sem slíkar, á mismunandi stigum þó. Í *Síðara trúvarnarritinu* 13 útskýrir Jústínus að kenningar Platóns séu í raun og veru „ekki frábrugðnar“ (οὐχ [...] ἀλλότρια) kenningum Krists – sem má líka segja um hina heimspekiskólana – en þær eru hins vegar „ekki að öllu leyti jafnar“ (οὐκ ἔστι πάντη ὅμοια) kenningum kristindómsins (2–3). Á meðan heimspekiskólarnir hafa eitthvert gildi, sér í lagi platónisminn, er kristindómurinn eina heimspekin sem inniheldur *allan* sannleikann (sbr. 10.1–3). Hinir hefðbundnu heimspekiskólar eru reyndar lítið annað en takmörkuð afrit af þeirri „himnesku kenningu“ sem Jústínus fékk hjá „öldunginum“ (*Dial.* 23.3).

Af lýsingum Jústínusar á platónismanum er ljóst að hann á margt sameiginlegt með samtíma platónistum, svokölluðum mið-platónistum, eins og Plútarkosi, Alkínúsi og Númeníusi frá Apameu. Það er ennfremur ljóst að platónisminn hélt áfram að þjóna

²⁰ „Öldungurinn“ andmælir því ekki að sálin *geti* verið ódauðleg, einungis því að hún *sé* það afdráttarlaust. Þ.e.a.s. samkvæmt „öldunginum“ er það algjörlega í höndum Guðs hvort viðkomandi sál er ódauðleg eða ekki.

²¹ Sjá C. J. de Vogel, „Problems concerning Justin Martyr“, bls. 381.

ákveðnu hlutverki sem heimspekilegur og guðfræðilegur rammi fyrir Jústínusi, jafnvel eftir að hann snerist til kristinnar trúar.²² Eins og við höfum séð leggst hann á sveif með platónistum í gagnrýni sinni á stóumenn í því kenningarlega „stríði“ sem geisaði á þessum tíma á milli þessara tveggja heimspekiskóla. Orð hans gætu allt eins hafa komið frá Plútarkosi eða Alkínúsi að því leyti.²³ Skilningur hans á eðli og eiginleikum Guðs er einnig í grundvallaratriðum platónskur: Samkvæmt hinum kristna Jústínusi er Guð „Faðir og Skapari alls“ (1 *Apol.* 8.2; sbr. 26.5), „af ósegjanlegri dýrð og lögun“ (1 *Apol.* 9.3; sbr. 61.11; 2 *Apol.* 10.8; 12.4; 13.4; *Dial.* 126.2; 127.2), „ógetinn“ (1 *Apol.* 14.1; 25.2; 49.5; 53.2; 2 *Apol.* 6.1; 12.4; 13.4; *Dial.* 114.3; 126.2; 127.1), „ónefnanlegur“ (1 *Apol.* 61.11; 63.1; 2 *Apol.* 6.1) og „hafinn yfir breytanlega hluti“ (1 *Apol.* 20.2; sbr. 13.4; *Dial.* 23.2). Og samkvæmt hinum platónska Jústínusi í *Samræðunni* er Guð „sú vera sem ávallt hefur sama eðli á sama máta og er orsök tilvistar alls annars“ (3.5). „Veran [Guð] hefur hvorki lit, lögun, stærð né nokkuð annað sem augu fá séð. Hún er ofar allri tilveru (ἐπέκεινα πάσης οὐσίας), ósegjanleg, óútskýranleg og hún ein er fögur og góð“ (4.1).

Í ljósi alls þessa virðist mér sem hin hefðbundna spurning um að hvaða leyti platónisminn – eða heimspekin yfirleitt – hafi haft áhrif á kristna hugsun Jústínusar vera ranglega sett fram. Í stað þessarar spurningar væri eðlilegra að spyrja að hvaða leyti hin kristna hugsun hafði áhrif á heimspekilegan grunn Jústínusar, og þá sér í lagi hans platónska bakgrunn. Með öðrum orðum tók Jústínus ekki eingöngu með sér heimspekina og platónismann þegar hann gerðist kristinn, hann túlkaði einnig kristindóminn í ljósi þeirrar grundvallarheimsmyndar sem hann hafði þegið frá platónismanum.

En ef platónisminn hélt áfram að vera hugmyndafræðilegur rammi fyrir Jústínusi hvernig stóð þá á því að hann sagði skilið við þessa tilteknu heimspekistefnu og sneri sér að kristindómnum? Hvað var það við platónismann sem hann taldi rangt eða skorta? Og hvað var það við kristindóminn sem höfðaði til hans?

Af hverju sagði Jústínus skilið við platónisma og gerðist kristinn?

Áður en hafist er handa við að svara þessum spurningum ber fyrst að nefna að það er miklum erfiðleikum bundið að ákvarða ástæður fyrir tilteknum ákvörðunum eða breytni fornra höfunda eingöngu á grunni þeirra rita sem þeir skilja eftir sig. Í tilviki Jústínusar þarf t.a.m. að taka tillit til þess að öll rit hans eru skrifuð eftir að hann snerist til kristinnar trúar og allt sem hann skrifar er meira og minna mótað af því. Einnig þarf að hafa í huga að ritin hafa tiltekinn hóp af fólki sem ætlaða lesendur/áheyrendur og öll hafa þau einhvern upprunalegan tilgang, en slíkir þættir hafa mikil áhrif á innihald textans. Jafnvel inngangur Jústínusar í *Samræðunni*, þ.e.a.s. kaflar 1–9, er þess eðlis að það þarf að nálgast hann varlega að þessu leyti, því megintilgangur hans er að sannfæra fremur en að lýsa. Megintilgangur inngangsins er ekki að vera sjálfsævisögulegt ágríp þar sem því er lýst á hlutlausan hátt hvernig og af hverju höfundurinn snerist til kristinnar trúar; markmiðið er fyrst og fremst að sannfæra lesendur/áheyrendur um heimspekilega yfirburði kristinnar kenningar. Það er vissulega svo að Jústínus gerir þetta með því að lýsa heimspekilegu „ferðalagi“ sínu til kristindómsins, sem m.a. fól í sér höfnun á platónismanum, en sú frásögn er að verulegu leyti mótuð af megintilgangi verksins. Á hinn bóginn, ef við gerum

²² Sbr. Henry Chadwick, *Early Christian Thought and the Classical Tradition: Studies in Justin, Clement, and Origen*, Oxford: Oxford University Press, 1966, bls. 11–12; Leslie W. Barnard, *St. Justin Martyr*, bls. 16.

²³ Sbr. t.d. Plútarkos, *Stoic. rep.* 1050B–D; 1051F–1052B; 1053B–D; 1055D–1057C; *Comm. not.* 1074F–1075E; 1077B–D; 1085B–C; Alkínús, *Epit.* 10.7–8 (165.34–166.14); 14.3, 6 (169.32–42, 170.22–42); 16.2 (172.3–19); 25.4 (178.12–22); 26 (179.1–34).

okkur grein fyrir þeim takmörkunum sem fyrir eru varðandi heimildir okkar og ef við erum sátt við að brjóta málið til mergjar þrátt fyrir þessar takmarkanir, þá getum við engu að síður sagt sitthvað sem mögulega getur leitt okkur til svars við spurningunum sem spurt var hér fyrir ofan.

Hver virðist þá hafa verið helsti hvatinn fyrir því að Jústínus fór úr herbúðum platónista yfir til kristindómsins? Fræðimenn hafa einkum bent á tvær frásagnir í textum Jústínusar í þessu sambandi, frásagnir sem mörgum hefur þótt örðugt að samræma.²⁴ Þær þurfa hins vegar ekki að útiloka hvor aðra, þar sem segja má að þær innihaldi tvenns konar hvata eða tilefni, (1) önnur byggð á empírískri reynslu, (2) en hin á tiltekinni hugmyndafræði. Það sem báðar tegundir eiga hins vegar sameiginlegt er siðfræðilegur útgangspunktur.

(1) *Síðara trúvarnarritið* 12 segir frá því að þegar Jústínus var enn platónisti varð hann fyrir þeirri reynslu að verða vitni að ofsóknum gegn kristnum mönnum: „Því meðan ég enn var ákafur áhangandi kenninga Platóns og heyrði hvernig hinir kristnu voru rægðir og sá hversu óhræddir þeir voru andspænis dauðanum og öllum öðrum hlutum sem taldir eru hræðilegir sá ég sjálfur að það gat ekki staðist að þeir lifðu í illsku og munaði“ (12.1). Með öðrum orðum, platónistinn Jústínus varð svo frá sér numinn af hugrekki hinna kristnu gagnvart ofsóknum og dauða að hann sannfærðist um að þeir gætu með engu móti verið sekir um þá glæpi sem þeir voru sakaðir um. Sumir fræðimenn telja það líklegt að þessi frásögn gefi vísbendingar um tilefni þess að Jústínus gerðist kristinn, þ.e.a.s. að breytni hinna kristnu hafi haft þau áhrif á Jústínus að hann tók þetta afdrifaríka skref.²⁵ Gæti þetta verið meginástæðan fyrir því að Jústínus snerist til kristinnar trúar? Ekki samkvæmt textanum sjálfum. Textabrotið í *Síðara trúvarnarritinu* 12.1 verður að lesa og túlka út frá samhengi ritsins í heild: Sem heild er *Síðara trúvarnarritið* formleg beiðni (βιβλίδιον, *libellus*) til rómverskra yfirvalda þar sem Jústínus reynir að sannfæra yfirvöld um að láta af ofsóknum gegn kristnum mönnum.²⁶ Það er megingilgangur ritsins. Og það er einnig megingilgangur frásagnarinnar í kafla 12: Með því að segja þessa sögu vildi kristni trúvarnarmaðurinn Jústínus fá heiðna lesendur sína til að samsama sig sér sem heiðnum manni (þ.e. þegar atburðurinn í frásögninni átti sér stað) og þar með gera sér grein fyrir, á sama hátt og platónistinn Jústínus hafði gert, að það ætti ekki að meðhöndla hina kristnu eins og glæpamenn. Textabrotið varpar litlu sem engu ljósi á ástæðuna fyrir því að Jústínus sneri frá platónisma til kristinnar trúar. Það inniheldur engar staðhæfingar eða vísbendingar um að hann hafi orðið svo hrifinn af hinum kristnu að hann fór að hugleiða að ganga í þeirra raðir. Það er vissulega ekki hægt að útiloka þann möguleika að þessi atburður, ef frásögnin af honum var sönn, hafi kveikt áhuga Jústínusar á hinum kristnu og kristinni kenningu. En atburðurinn virðist ekki hafa verið bein ástæða fyrir afturhvarfi hans frá platónisma til kristindóms. Ástæðuna er þar með ekki að finna í þessari reynslu höfundarins, ef marka má lýsingu Jústínusar sjálfs í *Síðara trúvarnarritinu* 12.1.

(2) Ástæðuna fyrir viðsnúningi Jústínusar virðist fremur að finna í frásögn sem gefur til kynna að rætur alls þessa hafi fyrst og fremst legið í tiltekinni hugmyndafræði, þ.e.a.s. tiltekinni heimspeki, guðfræði og siðfræði. Þessi frásögn er að sjálfsögðu inngangurinn í

²⁴ Sjá yfirlitið í Oskar Skarsaune, „Conversion“, bls. 53–54.

²⁵ J. C. M. van Winden, *Christian Philosopher*, bls. 110; Robert M. Grant, *Greek Apologists of the Second Century*, Philadelphia: Westminster John Knox Press, 1988, bls. 50–51; Nicola Denzey, „Facing the Beast: Justin, Christian Martyrdom, and Freedom of the Will“, *Stoicism in Early Christianity*, ritstj. Tuomas Rasmus, Troels Engberg-Pedersen og Ismo Dunderberg, Grand Rapids: Baker Academic, 2010, bls. 190.

²⁶ Sjá nánari umfjöllun í Runar M. Thorsteinsson, „The Literary Genre and Purpose of Justin’s *Second Apology*: A Critical Review with Insights from Ancient Epistolography“, *Harvard Theological Review* 1/2012, bls. 91–114.

Samræðunni við Gyðinginn Tryfjon. Ólíkt textabrotinu í *Síðara trúvarnarritinu* 12 lýsir inngangurinn að *Samræðunni* för Jústínusar frá platónismanum til kristindómsins og hann ber að taka alvarlega sem slíka frásögn. Eins og áður sagði þýðir þetta ekki að það beri að skilja alla frásögnina bókstaflega sem sögulega staðreynd. En á hinn bóginn er líklega óhætt að leggja trúnað á meginstoðir sögunnar, nefnilega þær að Jústínus hafi a.m.k. haft einhverja grundvallarþekkingu á þeim heimspekiskólum sem hann lýsir (sem einnig er staðfest af tilvísunum í þá í 1–2 *Apol.*), að hann hafi verið dyggur platónisti áður en hann gerðist kristinn (sem einnig er staðfest af 2 *Apol.* 12, sbr. tilvitnunina hér fyrir ofan) og að hann hafi sannfærst um að kristindómurinn væri betri heimspeki. Á meðan „öldungurinn“ í frásögn Jústínusar er að öllum líkindum tilbúningur höfundarins gefur samræðan á milli hans og Jústínusar okkur ákveðna mynd af hugmyndum Jústínusar um meginmuninn á platónisma og kristindómnum hvað hugmyndafræði varðar, sem gæti endurspeglad meginástæðurnar fyrir því að Jústínus sneri frá hinu fyrra til hins síðara. Það má einnig vera að inngangurinn að *Samræðunni* staðhæfi réttilega að upphafleg leit Jústínusar að hinni réttu heimspeki hafi átt rætur í þeirri sannfæringu hans að heimspeki væri guðfræði og guðfræði væri heimspeki.

Hvað var það þá sem Jústínusi fannst skorta í platónismanum, samkvæmt frásögninni í inngangi *Samræðunnar*? Eins og ég nefndi stuttlega hér að ofan þá virðist það hafa haft mikið að gera með hugmyndir Jústínusar um mannsálina og samband hennar við guddóminn. Á einhverjum tímapunkti virðist hann hafa sannfærst um að platónistar hefðu rangt fyrir sér þegar þeir héldu því fram að mannsálin gæti „séð Guð“ (sem skv. 2.6 var „markmið“ [τέλος] platónskrar heimspeki), að hún endurfæddist í öðrum líkama eftir dauðann og að hún væri í eðli sínu ódauðleg. En andstaða Jústínusar við þessi atriði nægir þó varla sem skýring á því að hann sneri baki við platónismanum, atriði sem sum hver voru þegar umdeild á meðal platónista sjálfra á þessum tíma.²⁷ Eitthvað meira hlýtur að hafa komið til. Spurningin er þessi: Getum við séð einhvern almennari og veigameiri grundvöll fyrir höfnun Jústínusar á þessum kenningum?

Fyrsta kenningin sem Jústínus tekur fyrir, um möguleikann á að „sjá Guð“ með „auga hugans“ (τὸ τοῦ νοῦ ὄμμα),²⁸ fær þónokkra umfjöllun í *Samræðunni* 4. Röksemdafærslan er vissulega rýr og það er ekki með öllu ljóst á hverju niðurstaðan „Af því leiðir að sálin sjá ekki Guð“ (4.7) er byggð. En svo virðist sem Jústínusi þyki þessi kenning einfaldlega gagnslaus. Í upphafi kaflans (4.1–3) heldur platónistinn Jústínus því fram að það sé mögulegt fyrir sumt fólk að sjá Guð, þ.e.a.s. það fólk sem hefur lifað dyggðugu lífi. „Öldungurinn“ varpar þá fram þeirri spurningu hvort mannsálin sjái Guð þegar hún er enn í líkamanum eða þegar hún hefur yfirgefið líkamann (4.4). Platónistinn Jústínus svarar því til að hið síðara sé algengara, enda þótt hvort tveggja sé mögulegt (4.5). „Öldungurinn“ skeytir ekki um hið fyrra og spyr nú hvort sálin muni eftir þessari sýn sinni þegar hún snýr aftur í mannlíkama (réttlátrar manneskju) og þegar svarið er neikvætt spyr hann hvert sé eiginlega „gagn“ (ὄφελος) þess að hafa séð Guð ef maður man ekki einu sinni eftir því. Samkvæmt Jústínusi hafði hann ekkert svar við þessari spurningu. Jústínus (hinn kristni) virðist, m.ö.o., vera að segja með þessari frásögn er að ef það að „sjá Guð“ hefur engin afgerandi áhrif á viðkomandi og felur ekki í sér neina breytingu á lífsháttum, þá er það einfaldlega vita gagnslaut; það verður merkingarlaust. Þessi niðurstaða bendir til þess að nálgun Jústínusar á heimspeki (og guðfræði) hafi að miklu leyti verið

²⁷ Sbr. C. J. de Vogel, „Problems concerning Justin Martyr“, bls. 381.

²⁸ Um „auga hugans“, sjá J. C. M. van Winden, *Christian Philosopher*, bls. 68–71.

„pragmatísk“ með sterkan siðfræðilegan undirtón, þ.e.a.s. að hann hafi einblínt á siðferðilega gagnsemi viðkomandi kenninga. Þetta er stutt af orðanotkun hans í 8.1 þar sem hann lýsir kristindóminum sem hinni einu „nytsömu“ (σύμφορον) heimspeki.

Að þessari röksemdafærslu lokinni beinir „öldungurinn“ gagnrýni sinni að hinni platónsku kenningu um sálnaflakk (4.6–7). Lykilorðið í þessari umfjöllun er orðið „refsing“. Samkvæmt platónistanum Jústínusi er refsing þeirra sem ekki eru taldir nægilega dyggðugir til að „sjá Guð“ sú að sál þeirra endurfæðist í líkama villidýra. Gegn þessu bendir „öldungurinn“ á það að þar sem þær sálir sem hlotið hafa slíka „refsingu“ eru algjörlega ómeðvitaðar um ástæðuna fyrir hlutskipti sínu er ekkert „gagn“ (ὄφελος) að því að refsa þeim með þessum hætti. Það er í raun ekki um neina alvöru refsingu að ræða. Af því leiðir, segir „öldungurinn“, að „sálir sjá ekki Guð, né endurfæðast þær í öðrum líkömum, því þær myndu gera sér grein fyrir því að það væri verið að refsa þeim á þennan hátt og þær myndu í framtíðinni vera hræddar við að drýgja sérhverja litla synd“ (4.7). „Þú mælir réttilega“, er svar platónistans Jústínusar. Hér sjáum við að nýju „pragmatíska“ nálgun Jústínusar (hins kristna), að þessu sinni með tilliti til spurningarinnar um guðlega refsingu. Sumir fræðimenn halda því fram að hugmyndin um refsingu eftir dauðann sé nokkuð sem Jústínus og platónisminn eigi sammerkt.²⁹ En það er ekki allskostar rétt: Ábending Jústínusar er einmitt að það sé í raun ekki um neina refsingu að ræða í platónismanum; hin platónska „refsing“ virkar ekki sem raunveruleg refsing.

Þriðja platónska kenningin sem mælt er gegn í *Samræðunni* 4–5 er kenningin um ódauðleika sálarinnar. Meginröksemd „öldungsins“ er sú að ef sálin er ódauðleg þá hlýtur hún að vera „ógetin“ (ἀγέννητος) sem er ekki mögulegt þar sem heimurinn allur (að sálum meðtöldum) er „getinn“, þ.e.a.s. hefur upphaf (5.1–2). Við þetta bætir „öldungurinn“ hins vegar að þetta þýði ekki að sálin *geti ekki* verið ódauðleg. Það sem hann mælir gegn er sú hugmynd að sálin sé í eðli sínu ódauðleg fremur en að hún sé það að vilja Guðs og aðeins að vilja Guðs: „Þeir sem Guð telur verðuga munu aldrei glatast, en aðrir munu hljóta refsingu svo lengi sem Guð lætur þá vera til og svo lengi sem hann vill að þeir hljóti sína refsingu“ (5.3).³⁰ M.ö.o., Jústínus vill einfaldlega fá Guð meira inn í myndina, þ.e.a.s. meira en platónisminn veitti rými fyrir (að mati Jústínusar), að hluta til með því að undirstrika nauðsyn óttans við guðlega refsingu og að hluta til með því að leggja áherslu á algert vald Guðs yfir öllu „getnu“, að mannsálum og (ó)dauðleika þeirra meðtöldum. Eins og hann segir í upphafi *Samræðunnar*, ef sálin er í eðli sínu ódauðleg, eins og platónistar halda fram, „þarfnast hún einskis frammar frá Guði“ (1.5). Að mati Jústínusar felur hin platónska kenning í raun í sér að sálin sé að engu leyti háð vilja Guðs. Afleiðingin af slíkri hugsun, samkvæmt kirkjuföðurnum, er siðferðisleg hnignun vegna skorts á „ótta við refsingu og vonar eftir umbun frá Guði“ (*ibid.*). Enn á ný sjáum við hér hversu mikilvægu hlutverki þættir á borð við guðlega refsingu (og umbun) gegna í röksemdafærslu Jústínusar gegn platónismanum.

En við sjáum enn fremur annan þátt að verki í 1. kafla *Samræðunnar*: Hugmyndina um guðlega forsjón. Samkvæmt Jústínusi er engan ótta við guðlega refsingu að finna þar sem skortur er á trú á guðlega forsjón í heiminum. Guð hefur auga með hverjum og einum

²⁹ Henry Chadwick, *Early Christian Thought*, bls. 12; Arthur J. Droge, „Justin Martyr“, bls. 306.

³⁰ Sbr. einnig 117.3. Þess ber að geta að ég fylgi ekki þeirri túlkun að 5.4–6 innihaldi eingöngu orð platónistans Jústínusar (sbr. J. C. M. van Winden, *Christian Philosopher*, bls. 94–100; St. Justin Martyr, *Dialogue with Trypho*, þýð. T. B. Falls, endursk. T. P. Halton, ritstj. M. Slusser, Selections from the FC 3, Washington: Catholic University of America Press, 2003). Ég fylgi hins vegar handritinu *Parisinus graecus* 450 þar sem fram kemur að „öldungurinn“ tali frá orðunum (ναί) ὅσα γάρ ἐστι [...] í 5.4 til [...] ἀπάντων αἰτίων í 5.6 (sbr. einnig Miroslav Marcovich [ritstj.], *Dialogus, ad loc.*).

einstaklingi í heiminum, sem þýðir líka að sérhver einstaklingur er ábyrgur gjörða sinna gagnvart Guði (1.4–5). Jústínus fullyrðir að heimspekiskólarnir („flestir heimspekingar“) hafi ekki séð þetta atriði eða einfaldlega afneitað því – hann vísar í platónista og stóumenn í því sambandi. Ásökunin er reyndar ekki á rökum reist. Að Epíkúringum undanskildum sem töldu guðina ekki hafa nein afskipti af heiminum, trúðu margir heimspekingar, sérstaklega platónistar og stóumenn, að guðirnir litu eftir einstaklingum.³¹ En þessu heldur Jústínus fram í riti sínu, hugsanlega vegna þess að hann hefur haft þá skoðun mið-platónista í huga að Guð annaðist „flokka og tegundir“ á meðan minni guðir sáu um einstaklingana, en samkvæmt Jústínusi voru slíkir guðir engir guðir yfirleitt og gátu aldrei staðist samanburð við hinn eina sanna Guð.³² Erfitt er að vita hvort sú var raunin eða ekki þar sem Jústínus dvelur ekki við spurninguna um guðlega forsjón í 1. kafla *Samræðunnar*.

Þegar á heildina er litið virðist það fyrst og fremst hafa verið af hugmyndafræðilegum ástæðum sem Jústínus snerist frá platónismanum til kristinnar trúar, þ.e.a.s. af ástæðum sem höfðu með kenningarlega þætti að gera, einkum í tengslum við guðfræði og siðfræði. Eins og áður sagði eru heimildir okkar ákveðnum takmörkunum bundnar þegar kemur að því að draga slíka ályktun, en samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum virðist Jústínus hafa komist að þeirri niðurstöðu að nokkrar mikilvægar kenningar platónismans um mannsálina væru meira og minna gagnslausar sem siðferðilegur grundvöllur. Sumar þessara kenninga voru að hans mati jafnvel skaðlegar í þessu tilliti. Að baki þessum skilningi Jústínusar liggur „pragmatísk“ nálgun hans á fyrirbærinu heimspeki, sem einnig skýrir hvers vegna hann valdi að lýsa kristindóminum sem „hinni einu öruggu og nytsömu heimspeki“ (8.1). Slík nálgun var reyndar langt frá því að vera einsdæmi á tíma Jústínusar. Eins og áður hefur komið fram þá lifði hann á tímabili þegar heimspekilegar kenningar voru að miklu leyti metnar út frá praktísku gildi þeirra og útkomu. Munurinn liggur fremur í spurningunni um *hvada* praktísku þættir voru undirstrikaðir og nákvæmlega *hvernig* þeir voru meðhöndlaðir. Í þessu sambandi er skilningur Jústínusar á heimspeki sem guðfræði og guðfræði sem heimspeki einnig afar þýðingarmikill, en samkvæmt honum er nauðsynlegt að taka Guð inn í myndina í sérhverri heimspekilegri athugun og sérhver guðfræðileg athugun verður að taka tillit til (mjög svo „pragmatískrar“) heimspeki. Samkvæmt Jústínusi er kristindómurinn í raun ekki frábrugðinn platónismanum í spurningunni um eðli Guðs, heldur er muninn að finna í tilteknum hugmyndum um samband Guðs og manna, þar á meðal hugmyndum um guðlega forsjón og um guðlega umbun og refsingu eftir dauðann. Eins og við höfum séð voru það einmitt þessir tveir þættir sem lágu til grundvallar þeim skoðanamun sem var á milli Jústínusar og platónismans varðandi mannsálina. Af einhverjum ástæðum fann Jústínus ekkert fullnægjandi svar við þessum þáttum í platónskri heimspeki/guðfræði. Hann fann hins vegar þau svör sem hann var að leita að í kristindómnum. Kristindómurinn var svarið við leitinni að heimspeki sem meðhöndlaði spurninguna um sambandið á milli Guðs og manna á fullnægjandi máta.

³¹ Sjá t.d. Platón, *Leg.* 10.905A–B; Cicero, *Nat. d.* 2.164; Attíkus í Evsebíus, *Praep. ev.* 15.5; Epíktetus, *Diss.* 2.14.11–13; 3.24.2–3, 15–16, 19; Híerókles í Stobaeus, *Ecl.* 1.3.54; Markús Árelíus, *Med.* 2.11. Sjá einnig gagnlega umfjöllun í C. J. de Vogel, „Problems concerning Justin Martyr“, bls. 374–378.

³² Sjá C. J. de Vogel, „Problems concerning Justin Martyr“, bls. 377–378; sbr. J. C. M. van Winden, *Christian Philosopher*, bls. 37–38.

Niðurstöður

Í þessari grein hef ég gefið yfirlit yfir tengsl Jústínusar píslarvotts við stóuspeki og platónisma, þeirra tveggja heimspekiskóla sem koma mest við sögu í ritum hans og voru mest áberandi heimspekiskólar samtíma hans í guðfræði- og heimsfræðilegum efnum. Fyrst var álit Jústínusar á stóuspeki kannað, en þar kom í ljós að þrátt fyrir jákvætt viðhorf hans til stóískrar siðfræði og siðferði einstakra stóumanna var hann afar gagnrýninn þegar kom að spurningunni um (efnislegt) eðli Guðs. Þær kenningar sem hann mælti hvað harðast gegn voru kenningarnar um Guð sem „líkamlegan“, um endalok heimsins og um hlutverk örlaganna í heiminum. Líklegt er að Jústínus hafi orðið fyrir áhrifum frá platónskri kenningu að þessu leyti.

Eftir umfjöllunina um stóuspeki var samband Jústínusar við platónismann rætt. Ég færði rök fyrir því að lýsing Jústínusar í *Samræðunni* á heimspekilegu „ferðalagi“ hans frá einum heimspekiskóla til annars hafi verið byggð upp sem stígandi ferli, að meðtöldu skrefi hans frá platónisma til kristindóms, þ.e.a.s. sem ferli frá sístu heimspekistefnunni (stóuspeki) til „hinnar einu öruggu og nytsömu heimspeki“ (kristindómsins). Þetta var ekki ferð frá heimspeki til einhvers annars – Jústínus yfirgaf ekki heimspekina með því að verða kristinn. Að hans mati er kristindómurinn heimspeki. Á meðan það er ákveðinn sannleika að finna í annars konar heimspeki, sér í lagi platónisma, er kristindómurinn heimspekin eins og hún á að vera.

Ég lagði einnig áherslu á mikilvægi þeirrar staðreyndar að Jústínus var dyggur platónisti áður en hann sneri sér að kristinni trú sem og að platónisminn hélt að verulegu leyti áfram að vera hugmyndafræðilegur rammi hans, bæði heimspekilega og guðfræðilega. Spurningunni um það af hverju hann sneri sér að lokum til kristinnar trúar er afar erfitt að svara, en á grunni inngangsins að *Samræðunni* lagði ég til að meginhvatinn hafi verið af hugmyndafræðilegum toga, einkum guðfræðilegum og siðfræðilegum, og að hann hafi verið grundvallaður á „pragmatískum“ skilningi Jústínusar á heimspeki og guðfræði, þar sem spurningin um samband Guðs og manna var meginviðfangsefnið. Að mati Jústínusar var svarið við þessari spurningu eingöngu að finna í kristindóminum.